

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 7/2022

2022/EES/42/07

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2183 frá 24. nóvember 2015 um sameiginlegt snið fyrir tilkynningu um rafsígarettur og áfyllingarílát <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2186 frá 25. nóvember 2015 um snið til að leggja fram upplýsingar um tóbaksvörur og gera þær aðgengilegar <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/586 frá 14. apríl 2016 um tæknistaðla fyrir áfyllingarbúnað rafsígarettar <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/786 frá 18. maí 2016 um málsmeðferð varðandi stofnun og rekstur óháðrar ráðgjafarnefndar til að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að ákvarða hvort tóbaksvörur hafi einkennandi bragð <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/787 frá 18. maí 2016 um forgangsskrá yfir aukefni í vindlingum og vafningstóbaki sem falla undir auknar kvaðir um skýrslugjöf <sup>(5)</sup>.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 3b (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1842) í XXV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „3c. **32015 D 2183:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2183 frá 24. nóvember 2015 um sameiginlegt snið fyrir tilkynningu um rafsígarettur og áfyllingarílát (Stjútíð. ESB L 309, 26.11.2015, bls. 15).
- 3d. **32015 D 2186:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2186 frá 25. nóvember 2015 um snið til að leggja fram upplýsingar um tóbaksvörur og gera þær aðgengilegar (Stjútíð. ESB L 312, 27.11.2015, bls. 5).
- 3e. **32016 D 0586:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/586 frá 14. apríl 2016 um tæknistaðla fyrir áfyllingarbúnað rafsígarettar (Stjútíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 15).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 309, 26.11.2015, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 312, 27.11.2015, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 15.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 131, 20.5.2016, bls. 79.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 131, 20.5.2016, bls. 88.

- 3f. **32016 D 0786:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/786 frá 18. maí 2016 um málsmeðferð varðandi stofnun og rekstur óháðrar ráðgjafarnefndar til að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að ákvarða hvort tóbaksvörur hafi einkennandi bragð (Stjútíð. ESB L 131, 20.5.2016, bls. 79).
- 3g. **32016 D 0787:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/787 frá 18. maí 2016 um forgangsskrá yfir aukefni í vindlingum og vafningstóbaki sem falla undir auknar kvaðir um skýrslugjöf (Stjútíð. ESB L 131, 20.5.2016, bls. 88).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Í 2. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „1. janúar 2017“ sem á „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2022 frá 4. febrúar 2022“.“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvæðana (ESB) 2015/2183, (ESB) 2015/2186, (ESB) 2016/586, (ESB) 2016/786 og (ESB) 2016/787, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*) eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022<sup>(6)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(6) Stjútíð. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 11, og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 11.